

## Skólaráðsfundur í Oddeyrarskóla 5. febrúar 2021

Mættir: Anna Bergrós Arnarsdóttir skólastjóri, Rannveig Sigurðardóttir deildarstjóri, Fjóla Kristín Helgadóttir deildarstjóri, Sunneva Guðgeirsdóttir fulltrúi starfsmanna, Herdís Jónsdóttir fulltrúi kennara, Sólveig Styrmsdóttir fulltrúi kennara. Jóna Kristín Guðmundsdóttir og Arney Ingólfssdóttir fulltrúar foreldra, Sara Rún Sævarsdóttir fulltrúi nemenda. Jósep Pétursson, fulltrúi nemenda boðaði forföll

Fundarritari: Fjóla Kristín Helgadóttir

### Dagskrá

- 1. Árs hátíð frestað.** Árs hátíð hefur verið frestað fram í apríl eftir könnun sem gerð var meðal kennara og fulltrúa í skólaráði - skóladagatali hefur verið breytt í kjölfarið.
- 2. Ytra mat.**
  - Eftirliti með umbótum vegna ytra mats MMS frá haustinu 2015 er lokið.
  - Í vikunni fór fram í Oddeyrarskóla ytra mat á vegum sveitarfélagsins, þar var nám og kennsla lögð til grundvallar. Niðurstöðum verður skilað til gæðaráðs skólans í mars.
- 3. Skóladagatal 2021-2022.** Anna kynnti drög að skóladagatali næsta árs. Umræða um hversu margir mánudagar detta út skv. þessum drögum. Rætt um að gott væri líka að hafa skipulagsdaga sem ekki falla að helgi.
- 4. Skipulagsbreytingar næsta skólaár.** Hugmyndir hafa komið fram um að nemendur í 5. bekk fylgi yngsta stigi og flytji niður á gang með þeim. 5. bekkjarkennari fylgir þá sínum nemendum upp í 6. bekk og sá nemandi sem skilar af sér 7. bekk tekur við 5. bekk og síðan koll af kalli. Tilgangurinn er að tryggja betur samfellu í námi nemenda. Tónmenntastofan flyst þá aftur í Stapa og unglíngarnir fá aðstöðu í gamla tölvuveri inn af bókasafni bæði í frímínútum og á opnum húsum á kvöldi.
- 5. Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. b. í haust og 9.b. í mars**

Anna kynnti niðurstöður samræmdra prófa.

Normaldreifðar einkunnir, meðatal á landsvísu 30

4. og 7. bekkur september 2020

	Íslenska	Stærðfræði
4.b.	27,7	33
7.b.	23	25

## 9. bekkur mars 2020

Enska	Íslenska	Stærðfræði
23,7	24,6	29

Anna nefndi hátt hlutfall nemenda af erlendum uppruna í 4. bekk og hátt hlutfall nemenda í skólanum sem taka prófið. Hún ítrekaði líka að samræmd próf mæla bara ákveðna þætti en við þurfum þó að leita leiða til að ná betri árangri í samræmdum prófum.

## 6. Fjármál 2020

Anna sagði frá fjármálum Oddeyrarskóla 2020

	Áætlun	Raun
<b>Heildartekjur</b>	38.065.000	36.039.000
<b>Laun og launatengd gjöld</b>	322.328.000	320.575.000
<b>Vörukaup</b>	23.877.000	22.500.000
<b>Þjónustukaup</b>	107.259.000	105.374.000
<b>Styrkir og framlög</b>		12.400
<b>Heildarrekstur</b>	415.399.000	412.422.000
Afgangur		2.977.000

## Önnur mál

Anna sagði frá því að Rannveig deildarstjóri hefur sagt upp störfum í Oddeyrarskóla og mun hefja störf á nýjum vettvangi um næstu mánaðarmót. Staða hennar hefur verið auglýst og rennur umsóknarfrestur út í dag.

Næsti fundur verður boðaður í byrjun næsta mánaðar.

Fundi slitið kl. 14.20